

I dag er laugardagurinn 3. nóv. Hubertus

Tungl í hásuðri kl. 18.06
Árdegisháflæði kl. 8.32

Heilsugæzla

Slysavarðstofan í Heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhring inn. — Nætlæknir kl. 18—8 Sími 15030.

Neyðarvaktin: Sími 11510, hvern virkan dag, nema laugardaga, kl. 13—17.

Holtsapótek og Garðsapótek opin virka daga kl. 9—19 laugardaga frá kl. 9—16 og sunnudaga kl. 13—16.

Reykjavík: Vikuna 27.10. til 3.11. verður næturvörður í Vesturbæjar Apóteki.

Hafnarfjörður: Nætlæknir vikuna 3.11—10.11. er Páll Garðar Ólafsson, Sími 50126.

Sjúkrabílfreið Hafnarfjarðar: — Sími 51336.

Reykjavík: Vikuna 3.11.—10.11. verður næturvakt í Ingólfsapoteki

Ferskeytlan

Guðrún Árnadóttir frá Oddsstöð um kveður:

Deji hallar hafs að djúpi
hökul falla lætur sinn,
Fold í mjallar hvíllir hjúpi
hrimar allan gluggann minn.

Flugáætlanir

Flugfélag Íslands h.f.: Millilandaflug: Hrímfaxi fer til Bergen, — Osló, Kaupmannahafnar og Hamborgar kl. 10.00 í dag. Væntanleg aftur til Rvíkur kl. 16.30 á morgun. — Innanlandsflug: — Í DAG er áætlað að fljúga til Akureyrar (2 ferðir), Egilsstaða, Húsavíkur, Ísafjarðar og Vestmannaeyja. — Á MORGUN er áætlað að fljúga til Akureyrar og Vestmannaeyja.

Loffleiðir h.f.: Eiríkur rauði er væntanlegur frá NY kl. 06.00, fer til Luxemborgar kl. 07.30, kemur til baka frá Luxemborg kl. 24.00, fer til NY kl. 01.30. Snorri Sturluson er væntanlegur frá Hamborg, Kaupmannah., Gautaborg og Osló kl. 23.00, fer til NY kl. 00.30.

Félagslíf

Kvenfélag Háteigssóknar heldur skemmtifund þriðjudaginn 6. nóv kl. 8.30 í Sjómannaskólanum. — Félagsvist og kaffidrykkja. Félagskonur fjölmennið og hafið með ykkur gesti.

Kvenfélag Laugarnessóknar. — Fundur verður mánudaginn 5. nóv. kl. 8.30 í fundarsal félagsins í kirkjunni. Séra Bragi Frið

riksson talar á fundinum. Munið bazarinn sem verður laugardaginn 10. nóv.

Trúlofun

Nýlega hafa óinberað trúlofun sína Elín Káradóttir, Kirkjuvegi 5, Keflavík og Hilmar Jónsson, Hringbraut 69, Keflavík.

Kirkjan

MESSURNAR Á MORGUN:

Kálfaþjörn: Æskulýðsguðsþjónusta með aðstoð skáta kl. 2. Sr. Garðar Þorsteinsson.

Bústaðasókn: Messa í Réttarholts skóla kl. 2. Barnasamkoma í Hágerðisskóla kl. 10.30. Séra Gunnar Árnason.

Frikirkjan í Hafnarfirði: Messað í Þjóðkirkju Hafnarfjarðar kl. 2. Sr. Kristinn Stefánsson. Reynivallaprestakall. Messað að Reynivöllum kl. 2. Séra Kristján Bjarnason.

Hallgrímskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 10 f.h. Messa kl. 11 (allra heilagramessa). Sr. Jakob Jónsson Messa kl. 5 s.d. Sr. Sigurjón Þ. Árnason.

Langholtsprestakall. Barnaguðsþjónusta kl. 10.30. Messa kl. 2. Stofnun æskulýðsfélags kl. 5 (hafið með ykkur rittöng) Sr.

Árelíus Níelsson.

Neskirkja. Barnaguðsþjónusta kl. 10. Messa kl. 2. Sr. Pétur Ingjaldsson, prestur á Höskuldsstöðum í Húnavatnssýslu predikar. Sr. Jón Thorarensen.

Dómkirkjan Messa kl. 11 (allra-sálmamessa). Sr. Jón Auðuns. — Messa kl. 5. Sr. Óskar J. Þorláksson. Barnasamkoma í Tjarnarbæ kl. 11. Sr. Óskar J. Þorláksson. Háteigsprestakall. Messa í hátíða sal Sjómannaskólans kl. 2. Barnasamkoma kl. 10.30 árd. Sr. Jón Þorvarðsson.

Laugarneskirkja. Messa kl. 2 eh. Barnaguðsþjónusta kl. 10.15 f.h. Sr. Garðar Svavarsson.

Kirkja Óháða safnaðarins. Bæna- og helgistund kl. 9 að kvöldi: allra-sálmamessa. Sr. Emil Björns son. Barnasamkomur sunnudags skóla kirkju Óháða safnaðarins verða á hverjum sunnudagsmorgni í vetur og hefst kl. 10.30 í fyrramálið.

Ellihelmið. Guðsþjónusta með altarisgöngu kl. 10 árd. Sr. Björn Jónsson frá Keflavík og heimilispresturinn annast.

Húsmæðrafélag Rvíkur. Saumánamskeið félagsins byrjar fimmtu daginn 8. nóv. Upplýsingar í símun: 15236, 33449 og 12585.

Siglingar

Skipaútgerð ríkisins: Hekla er á

Norðurlandshöfnum á austurleið. Esja er á Norðurlandshöfnum á vesturleið. Herjólfur fer frá Vestmannaeyjum kl. 21.00 í kvöld til Reykjavíkur. Þyrill er í Hamborg. Skjaldbreið er í Rvík. — Herðubreið er í Rvík.

Eimskipafél. Íslands hf.: Brúarfoss fór frá Rvík kl. 19.00 2.11. til Akraness og Keflavíkur. Detti foss fór frá Hafnarfirði 30.10., til Dublin. Fjallfoss fór frá Kaupmannah. 29.10., væntanlegur til Rvíkur í fyrramálið 3.11. Goðafoss fór frá Akranesi 28.10. til NY. Gullfoss fór frá Rvík 2.11. til Hamborgar og Kaupmannah. Lagarfoss kom til Leningrad 30.10. fer þaðan til Kotka. Reykja-foss kom til Hafnarfjarðar 30.10. frá Hull. Selfoss kom til NY 28.10. frá Dublin. Tröllafoss fór frá Leith 2.11. til Rvíkur. Tungufoss fór frá Gravarna í gær til Fur og Kristiansand.

Eimskipafél. Rvíkur h.f.: Katla er á Siglufirði. Askja er á leið til Faxaflóahafna frá Spáni.

Jöklar h.f.: Drangajökull fór í gær frá Austfjörðum til Austur-Þýskalands, Jakobstad og Ventspils. Langjökull er á leið til Íslands frá Hamborg. Vatnajökull lestar á Breiðafjarðarhöfnum; fer þaðan til Vestfjarðahafna.

Hafskip. Laxá fór frá Gravarna 2. þ.m. til Gyðinsk. Rangá lestar á Austfjarðar- og Norðurlands höfnum.

Fréttatilkynningar


Sýning Ásgerðar Búadóttur á myndvefnaði hefur nú staðið í tæpa viku, en henni lýkur næst komandi þriðjudagskvöld. Hefur aðsókn verið góð, og nokkur verk hafa selzt. Sýningin er til húsa á heimili listakonunnar að Karfavogi 22.

TÍMANUM hefur borizt eftirfarandi ályktun frá Framtíðinni, málfundafélagi menntaskólanema í Reykjavík, sem samþykkt var samhljóða á fjölsóttum fundi í félaginu s. l. föstudagskvöld: — Félagshundur í Framtíðinni, málfundafélagi menntaskólanema í Reykjavík, haldinn í íþóku, föstu daginn 12 október 1962, lýsir yfir vonbrigðum sínum vegna aðgerðarleysis þess, er ríkt hefur gagnvart lausn á húsnæðisvandamáli skólans undanfarna áratugi, þótt með þeim neyðarráðstöfunum, hafi enn einu sinni tekizt að veita öllum nemendum skólastofu Nútímakröfum til verklegar kennslu í stærðfræðideild er ekki hægt að fullnægja. Stofnun náttúrufræðideilda dregst stöðugt. Allar kennslustofur eru tvísetnar til mikils óhagræðis fyrir nemendur. Nokkrar bekkjadeildir verða að flakka milli kennslustofa Leikfímikennslu er ekki hægt að rækja eins og lög mæla fyrir um, og nýjungar í kennslu.

KIDDI

DREKI

EIRÍKUR



— Hamingjan góða! Á bróðir minn heima þarna? — Nei, við búum þar.



— En — — Maðurinn minn flytur þig til bróður þíns fljótlega!



— Við verðum að halda henni hérna. Þú verður að finna einhverja afsökun.



— Fljót — inn í bílinn! — Drepum þau! — Þetta er eins og martröð! Bara, að



hann væri hérna — ef hann hefur fengið skeytið...



En skeyti Díönu hefur seinkað — vegna þess að pósturinn eignaðist nýja vinkonu.



— Þetta er konurödd, hvíslaði Hallfreður, og rétt á eftir birtist kona, ásamt nokkrum karlmönnum. Eiríkur átti fullt í fangi með að hafa hemil á Úlfi, sem var í hinum mesta vígahug. — Konan

breytti um svip, er hún sá að í hópnum voru tvær konur. — Hver eruð þið, og hvaða erindi eigið þið til lands Dagráðs? spurði hún. — Við erum norrænir sjómenn og ætluðum að hafa vetursetu. — Þið



eruð í ríki Dagráðs. sem er höfðingi Harra, föður míns. Faðir minn er mjög gestrisinn. og hann vill áreiðanlega ekki að þið dveljið hér í vetur. Hann mun sjá ykkur fyrir betri dvalarstað, sagði



stúlkan Eiríkur leit á hið ókunnfólk. Boð stúlkunnar gat verið horið fram í góðu skyni en honum leizt ekki á ástandi fas fylgdarmanna hennar.

9 H J Á L M U R